

**2002 nr. 87 15. maí****Lög um heimild til handa [ráðherra],<sup>1)</sup>  
f.h. ríkissjóðs, til að ábyrgjast skuldabréf  
vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi  
Íslenskrar erfðagreiningar ehf.**

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 347. gr.

**Tóku gildi 23. maí 2002.** Breytt með: L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **fjármála- og efnahagsráðherra** eða **fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr.**

[Ráðherra],<sup>1)</sup> f.h. ríkissjóðs, er heimilt, í þeim tilgangi að

stuðla að uppbyggingu hátækniðnaðar á sviði lyfjaþróunar hér á landi, að veita einfalda ábyrgð á skuldabréfum, útgefnum af móðurfélagi Íslenskrar erfðagreiningar ehf., deCODE Genetics Inc., að fjárhæð allt að 200 milljónir USD til fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf. á sviði lyfjaþróunar. [Ráðherra]<sup>1)</sup> veitir ábyrgðina að uppfylltum þeim skilyrðum sem hann metur gild.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 347. gr.

**■ 2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði laga nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, að undanskilinni 5. gr. þeirra laga, gilda ekki varðandi þá ábyrgð sem lög þessi taka til.